

FUNDARGERÐ

116. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 25. nóvember 2008 kl. 12⁰⁰–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS) Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG)
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Már Karlsson (MK), fundarritari.
Fjarverandi: Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) og Ögmundur Einarsson (ÖE).

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (115. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum..

2. Rekstraráætlun

Með tölvupósti þann 14. þ.m. hefur umhverfissráðuneytið óskað eftir því að gerð verði rekstraráætlun fyrir árið 2009 þar sem útfærðar verði tillögur með hliðsjón af bréfi fjármálaráðuneytisins s.d. Stefnt verði að 10% lækkun útgjalda af veltu miðað við fjárlagafrumvarp 2009.

Á fundi í ráðuneytinu var lögð fram bráðabirgðaáætlun skv. þessum óskum. Tekjur sjóðsins eru háðar innflutningi og innlendri framleiðslu annars vegar og upphæð úrvinnslugjalds hins vegar. Gert er ráð fyrir verulegum samdrætti í tekjum en minni samdrætti í kostnaði.

Stjórnin er samþykk þessari rekstraráætlun sem bráðabirgðaáætlun en á næsta fundi verði farið betur yfir hvern vöruflokk fyrir sig.

3. Önnur mál

Erfiðar aðstæður á endurvinnslumörkuðum

Umræður um erfiða stöðu á endurvinnslumörkuðum rædd áfram.

Næsti fundur áformaður **mánudaginn 8. des. kl. 12:00** á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs